



Reykjavík 14. febrúar 2019

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
skrifstofa Alþingis  
Austurstræti 8-10

## Frumvarp til laga um ökutækjatrýggingar, 436. mál

### Umsögn Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Undirritaður vill, f.h. stjórnar Slysavarnafélagsins Landsbjargar (SL), veita eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um ökutækjatrýggingar, 436. mál. Umsögnin varðar 4.gr. frumvarpsins og aðeins það viðbótarákvæði sem komið er inn í frumvarpið og varðar að björgunartæki Slysavarnafélagsins Landsbjargar verði undanskilin frá skaðabótaábyrgð þegar þau draga önnur ökutæki í björgunarstarfi.

#### Umsögn

Það er fagnaðarefni að ofangreint ákvæði sé komin í frumvarpið enda er hér um mikilvægt atriði að ræða þegar kemur að björgunarstörfum og hefur margbætt áhrif. Hvort ákvæðið ætti einvörðungu að vera lögbundið við björgunartæki Slysavarnafélagsins Landsbjargar skal ósagt látið en telja mætti heppilegra að það yrði frekar bundið við björgunartæki viðbragðsaðila almennt enda eru til mörg dæmi þess að nota þurfi björgunartæki björgunarsveita, lögreglu, slökkviliðs og jafnvel Landhelgisgæslunnar, við slíkar athafnir í ófærð og óveðri jafnt innan þéttbýlis sem á þjóðvegum landsins.

Í þeirri forvinnu sem átti sér stað við smíði frumvarpsins lagði undirritaður inn umsögn f.h. SL, ásamt tillögu um að ofangreindu ákvæði sem nú birtist í 4. gr. yrði bætt inn í frumvarpið. Tillagan var svohljóðandi:

*Lagt er til að eftirfarandi viðbót verði gerð við 2. mgr. 2. gr. og þar aftan við komi setningin:*

*„Ábyrgðin nær aukinheldur ekki til ökutækja sem dregin eru vegna björgunarstarfa“*

Með tillögunni fylgdi eftirfarandi greinargerð:

*Stór hluti útkalla björgunarsveita Slysavarnafélagsins Landsbjargar snýst um aðstoð við borgarana vegna óveðurs, umferðarslysa og ófærðar. Við þessar aðstæður þarf oft að færa ökutæki til á vettvangi svo þau skapi ekki hættu fyrir aðra umferð, almenning og viðbragðsaðila, s.s. lögreglu- og sjúkralið, moksturstæki Vegagerðarinnar o.s.frv. Á hverjum vetri koma upp nokkur tilvik þar sem aðstoða þarf fjölda ökumanna vegna skyndilegs óveðurs og ófærðar á heiðum landsins. Alloft eru bílar, sem annars hefði mátt draga úr festu, skildir eftir og farið með ökumann og farþega hans til byggða með tilheyrandi tilkostnaði. Eftir standa bílar sem tefja snjómokstur og geta skapað verulega hættu þegar umferð er komin í eðlilegt horf í kjölfar óveðurs.*



*Þótt vissulega skapist oft aðstæður þar sem ekki er unnt að koma bílum úr stað vegna veðurs þá væri oft hægt að leysa málin með þeim einfalda hætti að draga bílana úr festu. Viðbragðsaðilar veigra sér við það þar sem ábyrgðin á mögulegu tjóni er þeirra.*

*Með því að bæta ofangreindri setningu inn í 2. gr. yrði vikið frá þeirri grundvallarreglu að sá beri ábyrgð sem dregur annað ökutæki en að sama skapi myndi það auðvelda viðbragðsaðilum vettvangsvinnu mikið þar sem ábyrgð yrði aflétt af þeim við úrlausn oft á tíðum krefjandi björgunarverkefna, sem og að auka umferðaröryggi.*

Það skal áréttað að hugsun Slysavarnafélagsins Landsbjargar að baki tillögunar um þessa viðbót í frumvarpið snýr einvörðungu að því að aflétta ábyrgð af ökumönnum björgunartækja við sannanleg björgunarstörf.

Undirritaður er tilbúinn til þess að mæta til fundar við Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis til frekari umræðu og upplýsingagjafar verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst

Slysavarnafélagið Landsbjörg

Jón Svanberg Hjartarson

framkvæmdastjóri



**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG**